



**Samandreginn árshlutareikningur samstæðu**

**1. janúar til 30. september 2025**

**Síminn hf.  
Ármúla 25  
108 Reykjavík  
Kt. 460207-0880**

Bls.

|                                                     |       |
|-----------------------------------------------------|-------|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra.....    | 2     |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu..... | 3     |
| Efnahagsreikningur.....                             | 4     |
| Eiginfjáryfirlit.....                               | 5     |
| Sjóðstreymisyfirlit.....                            | 6     |
| Skýringar.....                                      | 7 -11 |
| Ársfjórðungsyfirlit.....                            | 12    |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Símans hf. og dótturfélaga hans. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Hagnaður var af rekstri félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. september sem nam 971 m.kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 864 m.kr. á sama tímabili 2024. Heildartekjur félagsins á tímabilinu námu 21.431 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 20.401 m.kr. á sama tímabili árið 2024. Eignir félagsins í lok tímabils námu 42.491 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé nam 17.111 m.kr. og var eiginfjárlutfallið 40,3%.

Síminn birti afkomuspá þann 18. febrúar 2025. Birt EBITDA spá Símans fyrir árið 2025 var 7,0 til 7,4 ma.kr. og EBIT spá var 3,6 til 4,0 ma.kr. króna. Þann 26. febrúar birti Hæstiréttur dóm í máli Símans og Samkeppniseftirlitsins þar sem ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 25/2020 var staðfest. Klofinn Hæstiréttur sneri þar með við dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem og dómi Landsréttar um að ákvörðunin skyldi felld úr gildi og sektaði Símann um 400 m.kr. Sektin hefur verið gjaldfærð í reikningi félagsins og greidd. Með tilliti til niðurstöðu Hæstaréttar var uppfærð EBITDA spá Símans 6,6 til 7,0 ma.kr. og EBIT spá 3,2 til 3,6 ma.kr. Einnig voru gjaldfærðar skaðabætur vegna niðurstöðu í þremur dómsmálum fyrir alls 61 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi.

Þann 27. ágúst 2024 gerði Síminn Pay samkomulag við Rapyd Europe hf. um að Síminn Pay myndi taka yfir kortalán og greiðsludreifingar VISA og MasterCard korthafa sem sett voru á laggirnar og starfrækt af hálfu Valitor. Í lok febrúar tók Síminn Pay við kortalánum um níu þúsund einstaklinga fyrir um 1,5 ma.kr.

Síminn sendi beiðni til Fjarskiptastofu dags. 15. júlí 2025 á grundvelli 45. gr. fjölmiðlalaga um flutningsrétt að opnu rásinni Sýn og áskriftarstöðvum sem falla undir Sýn Sport. Í bráðabirgðaákvörðun komst Fjarskiptastofa að þeirri niðurstöðu að Sýn væri skylt að afhenda umræddar rásir til dreifingar um sjónvarpskerfi Símans. Bráðabirgðaákvörðun Fjarskiptastofu var staðfest af úrskurðarnefnd fjarskiptamála og ber Fjarskiptastofu að taka endalega ákvörðun í málinu fyrir 1. desember nk.

Þann 17. október var skrifað undir nýjan lánasamning við Arion banka sem tryggir hagstæðari kjör og aukið aðgengi að fjármagni til að styðja við frekari vöxt félagsins.

Á aðalfundi Símans hf. þann 13. mars 2025 var samþykkt tillaga stjórnar um lækkan á hlutafé félagsins vegna eigin hluta sem nam 175 m.kr. að nafnverði. Á sama fundi var samþykkt tillaga um heimild til kaupa á eigin bréfum félagsins að hámarki 247,5 m.kr. að nafnverði og tillaga um greiðslu arðs að fjárhæð 500 m.kr. til hluthafa sem félagið greiddi þann 28. mars s.l. Í samræmi við heimildir aðalfunda félagsins árin 2024 og 2025 hafa á tímabilinu janúar til september verið keypt eigin bréf að nafnverði 126 m.kr. fyrir 1.701 m.kr. að markaðsverði. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um breytingar á eigin fé félagsins.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2025, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 30. september 2025 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2025. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra gefi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Símans hf. hafa í dag fjallað um árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2025 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 21. október 2025

Stjórn

Jón Sigurðsson, formaður

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, varaformaður

Arnar Þór Másson

Bjarni Þorvarðarson

Forstjóri

Valgerður Halldórsdóttir

María Björk Einarsdóttir

## Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. september 2025

|                                                      | Skýr. | 2025<br>1.7.-30.9. | 2024<br>1.7.-30.9. | 2025<br>1.1.-30.9. | 2024<br>1.1.-30.9. |
|------------------------------------------------------|-------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|
| Sala .....                                           | 5     | 6.888              | 6.773              | 20.908             | 19.898             |
| Kostnaðarverð sölu .....                             | 6     | ( 4.099)           | ( 4.257)           | ( 13.000)          | ( 12.873)          |
| <b>Framlegð .....</b>                                |       | <b>2.789</b>       | <b>2.516</b>       | <b>7.908</b>       | <b>7.025</b>       |
| Aðrar rekstrartekjur .....                           |       | 174                | 182                | 523                | 503                |
| Rekstrarkostnaður .....                              | 7     | ( 1.938)           | ( 1.834)           | ( 5.825)           | ( 5.597)           |
| Stjórnvaldssekt og skaðabætur .....                  |       | 0                  | 0                  | ( 461)             | 0                  |
| <b>Rekstrarhagnaður .....</b>                        |       | <b>1.025</b>       | <b>864</b>         | <b>2.145</b>       | <b>1.931</b>       |
| Fjármunatekjur .....                                 |       | 240                | 178                | 670                | 539                |
| Fjármagnsgjöld .....                                 |       | ( 486)             | ( 476)             | ( 1.508)           | ( 1.352)           |
| Gengismunur .....                                    |       | 1                  | 6                  | 15                 | 6                  |
| Hrein fjármagnsgjöld .....                           | 8     | ( 245)             | ( 292)             | ( 823)             | ( 807)             |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt .....                      |       | 780                | 572                | 1.322              | 1.124              |
| Tekjuskattur .....                                   |       | ( 158)             | ( 123)             | ( 351)             | ( 260)             |
| <b>Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins .....</b> |       | <b>622</b>         | <b>449</b>         | <b>971</b>         | <b>864</b>         |
| EBITDA .....                                         |       | 1.848              | 1.915              | 5.044              | 5.076              |
| <b>Hagnaður á hlut</b>                               |       |                    |                    |                    |                    |
| Hagnaður á hlut .....                                |       | 0,26               | 0,18               | 0,40               | 0,34               |
| Þynntur hagnaður á hlut .....                        |       | 0,26               | 0,18               | 0,40               | 0,34               |

Skýringar á blaðsíðum 7 - 11 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

## Efnahagsreikningur 30. september 2025

|                                               | Skýr. | 30.9.2025            | 31.12.2024           |
|-----------------------------------------------|-------|----------------------|----------------------|
| <b>Eignir</b>                                 |       |                      |                      |
| <b>Fastafjármunir</b>                         |       |                      |                      |
| Rekstrarfjármunir .....                       |       | 3.671                | 3.543                |
| Leigueignir .....                             |       | 1.653                | 1.844                |
| Óefnislegar eignir .....                      |       | 25.389               | 26.243               |
| Aðrar eignir .....                            | 9     | 1.119                | 638                  |
| Fastafjármunir                                |       | <u>31.832</u>        | <u>32.268</u>        |
| <b>Veltufjármunir</b>                         |       |                      |                      |
| Birgðir .....                                 | 10    | 1.296                | 1.339                |
| Viðskiptakröfur .....                         | 11    | 2.385                | 2.503                |
| Útlán .....                                   | 12    | 4.166                | 3.204                |
| Aðrar skammtímakröfur .....                   | 13    | 1.696                | 1.033                |
| Handbært fé .....                             |       | 1.116                | 835                  |
| Veltufjármunir                                |       | <u>10.659</u>        | <u>8.914</u>         |
| <b>Eignir samtals</b>                         |       | <u><u>42.491</u></u> | <u><u>41.182</u></u> |
| <b>Eigið fé</b>                               |       |                      |                      |
| Hlutfé .....                                  |       | 2.376                | 2.483                |
| Lögbundinn varasjóður .....                   |       | 594                  | 621                  |
| Annað bundið eigið fé .....                   |       | 1.149                | 828                  |
| Óráðstafað eigið fé .....                     |       | 12.992               | 14.184               |
| Eigið fé                                      |       | <u>17.111</u>        | <u>18.116</u>        |
| <b>Skuldir</b>                                |       |                      |                      |
| <b>Langtímaskuldir</b>                        |       |                      |                      |
| Vaxtaberandi skuldir .....                    |       | 15.122               | 12.733               |
| Leiguskuldbindingar .....                     |       | 1.382                | 1.571                |
| Tekjuskattsskuldbinding .....                 | 14    | 501                  | 686                  |
| Langtímaskuldir                               |       | <u>17.005</u>        | <u>14.990</u>        |
| <b>Skammtímaskuldir</b>                       |       |                      |                      |
| Vaxtaberandi skuldir .....                    |       | 1.635                | 2.084                |
| Viðskiptaskuldir .....                        | 15    | 3.706                | 3.760                |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda .....     |       | 429                  | 429                  |
| Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga ..... |       | 387                  | 351                  |
| Skattar til greiðslu .....                    |       | 596                  | 255                  |
| Aðrar skammtímaskuldir .....                  | 16    | 1.622                | 1.197                |
| Skammtímaskuldir                              |       | <u>8.375</u>         | <u>8.076</u>         |
| Skuldir samtals                               |       | <u>25.380</u>        | <u>23.066</u>        |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>            |       | <u><u>42.491</u></u> | <u><u>41.182</u></u> |

Skýringar á blaðsíðum 7 - 11 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

## Eiginfjáryfirlit 30. september 2025

|                                               | Hlutfé | Yfirverðs-<br>reikningur | Lögbundinn<br>varasjóður | Annað<br>bundið eigið<br>fé | Óráðstafað<br>eigið fé | Eigið fé<br>samts |
|-----------------------------------------------|--------|--------------------------|--------------------------|-----------------------------|------------------------|-------------------|
| Eigið fé 1.1.2024 .....                       | 2.517  |                          | 629                      | 570                         | 13.884                 | 17.600            |
| Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins ..... |        |                          |                          |                             | 864                    | 864               |
| Greiddur arður (0,2 á hlut) .....             |        |                          |                          | (                           | 500)                   | ( 500)            |
| Keypt eigin bréf .....                        | ( 88)  | ( 595)                   | ( 21)                    | (                           | 150)                   | ( 854)            |
| Seld eigin bréf .....                         | 101    | 899                      | 25                       | (                           | 25)                    | 1.000             |
| Fært á bundið eigið fé .....                  |        |                          |                          | 127                         | ( 127)                 | 0                 |
| Kostnaður v/ kaupréttarsamninga .....         |        |                          |                          |                             | 47                     | 47                |
| Eigið fé 30.9.2024 .....                      | 2.530  | 304                      | 633                      | 697                         | 13.993                 | 18.157            |
| Eigið fé 1.1.2025 .....                       | 2.483  | 0                        | 621                      | 828                         | 14.184                 | 18.116            |
| Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins ..... |        |                          |                          |                             | 971                    | 971               |
| Greiddur arður (0,2 á hlut) .....             |        |                          |                          | (                           | 498)                   | ( 498)            |
| Keypt eigin bréf .....                        | ( 126) | ( 32)                    |                          | (                           | 1.543)                 | ( 1.701)          |
| Seld eigin bréf .....                         | 19     |                          | 5                        |                             | 173                    | 197               |
| Fært á bundið eigið fé .....                  |        |                          |                          | 321                         | ( 321)                 | 0                 |
| Kostnaður v/ kaupréttarsamninga .....         |        |                          |                          |                             | 26                     | 26                |
| Eigið fé 30.9.2025 .....                      | 2.376  | 0                        | 594                      | 1.149                       | 12.992                 | 17.111            |

Skýringar á blaðsíðum 7 - 11 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. september 2025

|                                                          | Skýr. | 2025<br>1.7.-30.9. | 2024<br>1.7.-30.9. | 2025<br>1.1.-30.9. | 2024<br>1.1.-30.9. |        |        |        |
|----------------------------------------------------------|-------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------|--------|--------|
| Rekstrarhreyfingar                                       |       |                    |                    |                    |                    |        |        |        |
| Rekstrarhagnaður samkvæmt rekstrarreikningi .....        |       | 1.025              | 864                | 2.145              | 1.931              |        |        |        |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:         |       |                    |                    |                    |                    |        |        |        |
| Afskriftir .....                                         |       | 823                | 1.051              | 2.899              | 3.145              |        |        |        |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....           | (     | 3)                 | (                  | 7)                 | (                  | 1)     |        |        |
| Aðrir liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi .....      |       | 5                  | 10                 | 26                 | 47                 |        |        |        |
|                                                          |       | 1.850              | 1.924              | 5.063              | 5.122              |        |        |        |
| Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:           |       |                    |                    |                    |                    |        |        |        |
| Birgðir, hækkun .....                                    | (     | 84)                | (                  | 386)               | (                  | 64)    | (      | 262)   |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, hækkun .....   | (     | 231)               | (                  | 296)               | (                  | 580)   | (      | 296)   |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, hækkun ..... |       | 246                | 203                | 295                | 259                |        |        |        |
| Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum            | (     | 69)                | (                  | 479)               | (                  | 349)   | (      | 299)   |
|                                                          |       | 1.781              | 1.445              | 4.714              | 4.823              |        |        |        |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta               |       |                    |                    |                    |                    |        |        |        |
| Innborgaðir vextir .....                                 |       | 232                | 175                | 649                | 505                |        |        |        |
| Greiddir vextir .....                                    | (     | 428)               | (                  | 377)               | (                  | 1.389) | (      | 1.114) |
| Greiddir skattar .....                                   | (     | 73)                | (                  | 139)               | (                  | 196)   | (      | 372)   |
| Handbært fé frá rekstri                                  |       | 1.512              | 1.104              | 3.778              | 3.842              |        |        |        |
| Fjárfestingarhreyfingar                                  |       |                    |                    |                    |                    |        |        |        |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....                    | (     | 350)               | (                  | 246)               | (                  | 943)   | (      | 821)   |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum .....                   | (     | 209)               | (                  | 196)               | (                  | 859)   | (      | 1.693) |
| Söluverð rekstrarfjármuna .....                          |       | 3                  | 11                 | 10                 | 20                 |        |        |        |
| Útlán, breyting .....                                    |       | 53                 | (                  | 192)               | (                  | 1.351) | (      | 399)   |
| Kaup á dótturfélögum að frádregnu handbæru fé .....      |       | 0                  | (                  | 134)               | 0                  | (      | 3.866) |        |
| Fjárfestingarhreyfingar                                  | (     | 503)               | (                  | 757)               | (                  | 3.143) | (      | 6.759) |
| Fjármögnunarhreyfingar                                   |       |                    |                    |                    |                    |        |        |        |
| Greiddur arður .....                                     |       | 0                  | 0                  | (                  | 498)               | (      | 499)   |        |
| Kaup eigin bréfa .....                                   | (     | 630)               | (                  | 620)               | (                  | 1.701) | (      | 854)   |
| Seld eigin bréf .....                                    |       | 197                | 0                  | 197                | 0                  |        |        |        |
| Tekin ný langtímalán .....                               |       | 0                  | 0                  | 2.700              | 4.500              |        |        |        |
| Afborganir langtímalána .....                            | (     | 107)               | (                  | 107)               | (                  | 321)   | (      | 353)   |
| Afborganir leiguskuldbindinga .....                      | (     | 95)                | (                  | 105)               | (                  | 272)   | (      | 273)   |
| Skammtímalán, breyting .....                             |       | 0                  | 0                  | (                  | 449)               | (      | 262)   |        |
| Fjármögnunarhreyfingar                                   | (     | 635)               | (                  | 832)               | (                  | 344)   | 2.259  |        |
| Breyting á handbæru fé .....                             |       | 374                | (                  | 485)               | 291                | (      | 658)   |        |
| Áhrif gengisbreytinga á handbært fé .....                | (     | 2)                 | (                  | 1)                 | (                  | 10)    | (      | 4)     |
| Handbært fé í byrjun tímabilsins .....                   |       | 744                | 1.634              | 835                | 1.810              |        |        |        |
| Handbært fé í lok tímabilsins .....                      |       | 1.116              | 1.148              | 1.116              | 1.148              |        |        |        |

Skýringar á blaðsíðum 7 - 11 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

## 1. Starfsemi

Síminn hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög á Íslandi. Höfuðstöðvar félagsins eru að Ármúla 25 í Reykjavík. Samstæðuárshlutareikningur fyrir tímabilið janúar til september 2025 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem „félagsins“ og til einstakra félaga sem „dótturfélaga“. Dótturfélög Símons hf. eru Síminn Pay ehf., Radiómiðun ehf., Billboard ehf., BBI ehf. og Noona Iceland ehf.

Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta, fjártækni og miðlunar.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### 2.1. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Símons hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2024. Valdar skýringar eru með árshlutareikningnum til að skýra og upplýsa um rekstur félagsins á tímabilinu og breytingar á fjárhagslegri stöðu frá síðasta ársreikningi.

Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, [www.siminn.is](http://www.siminn.is) og á vef Kauphallar Íslands: [www.nasdaqomxnordic.com](http://www.nasdaqomxnordic.com).

Stjórn og forstjóri félagsins samþykktu árshlutareikninginn og heimiluðu birtingu hans á stjórnarfundum þann 21. október 2025.

### 2.2. Grundvöllur matsaðferða

Samstæðuársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

### 2.3. Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

### 2.4. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

## 3. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2024.



## 4. Starfsþáttayfirlit

Yfirlit um starfsþætti veitir upplýsingar um einstaka þætti í rekstri félagsins og er sett fram með sama hætti og regluleg skýrslugjöf til stjórnar félagsins.

Starfsemi félagsins skiptist í sex starfsþætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfsþættirnir eru:

| Starfsþáttur             | Lýsing                                                                                                                       |
|--------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Farsímaþjónusta: .....   | Farsímaþjónusta innanlands og erlendis, hvort sem er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta eða önnur farsímaþjónusta. |
| Gagnaflutningur: .....   | Gagnaflutningsþjónusta, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, heimtaugar og aðgangsnét.                              |
| Sjónvarpsþjónusta: ..... | Dreifing á sjónvarpsefni, áskriftir og notkun á miðlum félagsins.                                                            |
| Auglýsingamiðlun .....   | Auglýsingatekjur í umhverfismiðlun og sjónvarpi.                                                                             |
| Vörusala: .....          | Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.                                                                                      |
| Annað: .....             | Fjártækni og önnur starfsemi sem fellur ekki undir aðra starfsþætti.                                                         |

| Starfsþættir 1.1.-30.9.2025                                               | Farsíma-<br>þjónusta | Gagna-<br>flutningur | Sjónvarps-<br>þjónusta | Auglýsinga-<br>miðlun | Vörusala<br>búnaðar | Annað | Samtals    |
|---------------------------------------------------------------------------|----------------------|----------------------|------------------------|-----------------------|---------------------|-------|------------|
| Rekstrartekjur .....                                                      | 5.265                | 6.221                | 5.385                  | 1.776                 | 1.121               | 1.663 | 21.431     |
| Óskipt rekstrargjöld .....                                                |                      |                      |                        |                       |                     |       | ( 16.387)  |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) ..... |                      |                      |                        |                       |                     |       | 5.044      |
| Afskriftir .....                                                          |                      |                      |                        |                       |                     |       | ( 2.899)   |
| Hrein fjármagnsgjöld .....                                                |                      |                      |                        |                       |                     |       | ( 823)     |
| Tekjuskattur .....                                                        |                      |                      |                        |                       |                     |       | ( 351)     |
| <b>Hagnaður tímabilsins .....</b>                                         |                      |                      |                        |                       |                     |       | <b>971</b> |
| Fjárfestingar .....                                                       |                      |                      |                        |                       |                     |       | ( 1.792)   |
| Óskiptar eignir 30.9.2025 .....                                           |                      |                      |                        |                       |                     |       | 42.491     |
| Óskiptar skuldir 30.9.2025 .....                                          |                      |                      |                        |                       |                     |       | 25.380     |

| Starfsþættir 1.1.-30.9.2024                                               | Farsíma-<br>þjónusta | Gagna-<br>flutningur | Sjónvarps-<br>þjónusta* | Auglýsinga-<br>miðlun | Vörusala<br>búnaðar | Annað* | Samtals    |
|---------------------------------------------------------------------------|----------------------|----------------------|-------------------------|-----------------------|---------------------|--------|------------|
| Rekstrartekjur .....                                                      | 5.115                | 6.213                | 5.345                   | 1.248                 | 1.187               | 1.293  | 20.401     |
| Óskipt rekstrargjöld .....                                                |                      |                      |                         |                       |                     |        | ( 15.325)  |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) ..... |                      |                      |                         |                       |                     |        | 5.076      |
| Afskriftir .....                                                          |                      |                      |                         |                       |                     |        | ( 3.145)   |
| Hrein fjármagnsgjöld .....                                                |                      |                      |                         |                       |                     |        | ( 807)     |
| Tekjuskattur .....                                                        |                      |                      |                         |                       |                     |        | ( 260)     |
| <b>Hagnaður tímabilsins .....</b>                                         |                      |                      |                         |                       |                     |        | <b>864</b> |
| Fjárfestingar .....                                                       |                      |                      |                         |                       |                     |        | ( 2.494)   |
| Óskiptar eignir 30.9.2024 .....                                           |                      |                      |                         |                       |                     |        | 39.873     |
| Óskiptar skuldir 30.9.2024 .....                                          |                      |                      |                         |                       |                     |        | 21.716     |

\* Breyting hefur verið gerð á starfsþáttayfirliti félagsins. Auglýsingamiðlun er sýnd sem starfsþáttur en var áður undir starfsþættinum Sjónvarpsþjónusta og tekjur Billboard voru undir starfsþættinum Annað. Samanburðartölum hefur verið breytt til samræmis.

## 5. Sala

Seld þjónusta og vörur greinast þannig:

|                       | 2025<br>1.1.-30.9. | 2024<br>1.1.-30.9. |
|-----------------------|--------------------|--------------------|
| Sala á þjónustu ..... | 17.943             | 17.382             |
| Auglýsingasala .....  | 1.753              | 1.239              |
| Vörusala .....        | 1.212              | 1.277              |
|                       | <u>20.908</u>      | <u>19.898</u>      |

Enginn einstakur viðskiptavinur er með meira en 10% af sölu félagsins.

## 6. Kostnaðarverð sölu

Kostnaðarverð sölu greinist þannig:

|                                      |               |               |
|--------------------------------------|---------------|---------------|
| Laun og launatengd gjöld .....       | 1.199         | 910           |
| Kostnaðarverð seldrar þjónustu ..... | 8.390         | 8.068         |
| Samtengigjöld .....                  | 468           | 473           |
| Kostnaðarverð seldra vara .....      | 1.076         | 1.129         |
| Eignfærð vinna .....                 | ( 129)        | ( 85)         |
| Afskriftir .....                     | 1.996         | 2.378         |
|                                      | <u>13.000</u> | <u>12.873</u> |

Kostnaðarverð seldrar þjónustu samanstendur af: efniskostnaði, þjónustusamningum, leyfisgjöldum, aðkeyptri þjónustu og fjarskiptakostnaði.

## 7. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:

|                                          |              |              |
|------------------------------------------|--------------|--------------|
| Laun og launatengd gjöld .....           | 2.799        | 2.783        |
| Markaðs- og sölukostnaður .....          | 501          | 424          |
| Húsnæðis- og bifreiðakostnaður .....     | 178          | 172          |
| Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður .....      | 810          | 757          |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður ..... | 633          | 695          |
| Afskriftir .....                         | 904          | 766          |
|                                          | <u>5.825</u> | <u>5.597</u> |

## 8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

### Fjármunatekjur

|                                                |            |            |
|------------------------------------------------|------------|------------|
| Vaxtatekjur af bankainnistæðum og kröfum ..... | 165        | 211        |
| Vaxtatekjur af útlánum .....                   | 505        | 326        |
| Fenginn arður .....                            | 0          | 2          |
|                                                | <u>670</u> | <u>539</u> |

### Fjármagnsgjöld

|                                           |                 |                 |
|-------------------------------------------|-----------------|-----------------|
| Vaxtagjöld .....                          | ( 1.237)        | ( 1.101)        |
| Vaxtagjöld vegna leiguskuldbindinga ..... | ( 125)          | ( 72)           |
| Niðurfærsla útlána .....                  | ( 72)           | ( 143)          |
| Önnur fjármagnsgjöld .....                | ( 74)           | ( 36)           |
|                                           | <u>( 1.508)</u> | <u>( 1.352)</u> |

|                            |               |               |
|----------------------------|---------------|---------------|
| Gengismunur .....          | 15            | 6             |
| Hrein fjármagnsgjöld ..... | <u>( 823)</u> | <u>( 807)</u> |

## 9. Aðrar eignir

| Aðrar eignir greinast þannig:      | 30.9.2025    | 31.12.2024 |
|------------------------------------|--------------|------------|
| Fjárfesting í öðrum félögum .....  | 58           | 8          |
| Sjónvarpsefni til sýningar .....   | 628          | 522        |
| Útlán til meira en 12 mánaða ..... | 433          | 108        |
| Aðrar eignir samtals .....         | <u>1.119</u> | <u>638</u> |

## 10. Birgðir

| Birgðir greinast þannig:                         |              |              |
|--------------------------------------------------|--------------|--------------|
| Vörur til endursölu og rekstrarvörubirgðir ..... | 710          | 710          |
| Sjónvarpsefni til sýningar .....                 | 586          | 629          |
| Birgðir samtals .....                            | <u>1.296</u> | <u>1.339</u> |

## 11. Viðskiptakröfur

| Viðskiptakröfur greinast þannig:  |              |              |
|-----------------------------------|--------------|--------------|
| Viðskiptakröfur .....             | 2.498        | 2.617        |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna ..... | ( 113)       | ( 114)       |
| Viðskiptakröfur samtals .....     | <u>2.385</u> | <u>2.503</u> |

## 12. Útlán

Útlán félagsins samanstanda af útlánum dótturfélags Símans hf., Símans Pay ehf. Eingöngu er um að ræða útlán til einstaklinga á bilinu 1-36 mánuðir.

| Útlán 30.9.2025:                          | Brúttó<br>bókfært<br>virði | Fært meðal<br>langtíma-<br>krafna | Vænt<br>útlánatap | Skamm-<br>tímahluti<br>útlána |
|-------------------------------------------|----------------------------|-----------------------------------|-------------------|-------------------------------|
| Útlán fastar greiðslur 1-36 mán .....     | 1.731                      | ( 432)                            | ( 33)             | 1.266                         |
| Kreditkort, sveigjanlegar greiðslur ..... | 3.037                      | 0                                 | ( 137)            | 2.900                         |
|                                           | <u>4.768</u>               | <u>( 432)</u>                     | <u>( 170)</u>     | <u>4.166</u>                  |

Útlán 31.12.2024:

|                                           |              |               |               |              |
|-------------------------------------------|--------------|---------------|---------------|--------------|
| Útlán fastar greiðslur 1-36 mán .....     | 678          | ( 108)        | ( 40)         | 530          |
| Kreditkort, sveigjanlegar greiðslur ..... | 2.807        | 0             | ( 133)        | 2.674        |
|                                           | <u>3.485</u> | <u>( 108)</u> | <u>( 173)</u> | <u>3.204</u> |

## 13. Aðrar skammtímakröfur

| Aðrar skammtímakröfur greinast þannig: | 30.9.2025    | 31.12.2024   |
|----------------------------------------|--------------|--------------|
| Fyrirframgreiddur kostnaður .....      | 906          | 701          |
| Aðrar skammtímakröfur .....            | 790          | 332          |
| Aðrar skammtímakröfur samtals .....    | <u>1.696</u> | <u>1.033</u> |

## 14. Tekjuskattsskuldbinding

Hreyfingar á tekjuskattsskuldbindingu greinast á eftirfarandi hátt:

|                                          | 30.9.2025  | 31.12.2024 |
|------------------------------------------|------------|------------|
| Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun..... | 686        | 232        |
| Kaup á dótturfélögum.....                | 0          | 336        |
| Tekjuskattur tímabilsins.....            | 351        | 381        |
| Skattar til greiðslu.....                | ( 536)     | ( 255)     |
| Leiðrétting frá fyrra ári.....           | 0          | ( 8)       |
| Tekjuskattsskuldbinding samtals.....     | <u>501</u> | <u>686</u> |

## 15. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir greinast þannig:

|                                |              |              |
|--------------------------------|--------------|--------------|
| Viðskiptaskuldir .....         | 3.037        | 3.190        |
| Áfallinn kostnaður .....       | 669          | 570          |
| Viðskiptaskuldir samtals ..... | <u>3.706</u> | <u>3.760</u> |

## 16. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

|                                        |              |              |
|----------------------------------------|--------------|--------------|
| Áfallinn kostnaður .....               | 690          | 587          |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld ..... | 443          | 217          |
| Ógreiddur virðisaukaskattur .....      | 489          | 393          |
| Aðrar skammtímaskuldir samtals .....   | <u>1.622</u> | <u>1.197</u> |

## 17. Málarekstur

Staða eftirfarandi máls er óbreytt frá útgáfu ársreiknings 2024.

Fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands komst að þeirri niðurstöðu að sekta Símann um 76,5 m.kr. á grundvelli þess að stofnunin taldi að Síminn hefði ekki birt ætlaðar innherjaupplýsingar eða tekið ákvörðun um frestun á birtingu á ætluðum innherjaupplýsingum þann 31. ágúst 2021 í tengslum við sölu á dótturfélaginu Mílu ehf. Síminn áfrýjaði málinu til Héraðsdóms Reykjavíkur til að fá ákvörðuninni hnekktt en Héraðsdómur sýknaði Seðlabankann. Síminn áfrýjaði dóminum til Landsréttar. Félagið hefur greitt fjárhæðina en ekki gjaldfært í rekstri.

## 18. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem höfðu áhrif á árshlutareikninginn.

## Ársfjórðungsýfirlit

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

|                                              | 1 F<br>2025   | 2 F<br>2025  | 3 F<br>2025  | Samtals      |
|----------------------------------------------|---------------|--------------|--------------|--------------|
| Sala .....                                   | 7.003         | 7.017        | 6.888        | 20.908       |
| Kostnaðarverð sölu .....                     | ( 4.526)      | ( 4.375)     | ( 4.099)     | ( 13.000)    |
| <b>Framlegð .....</b>                        | <b>2.477</b>  | <b>2.642</b> | <b>2.789</b> | <b>7.908</b> |
| Aðrar rekstrartekjur .....                   | 170           | 179          | 174          | 523          |
| Rekstrarkostnaður .....                      | ( 1.997)      | ( 1.890)     | ( 1.938)     | ( 5.825)     |
| Stjórnvaldssekt og skaðabætur .....          | ( 461)        | 0            | 0            | ( 461)       |
| <b>Rekstrarhagnaður .....</b>                | <b>189</b>    | <b>931</b>   | <b>1.025</b> | <b>2.145</b> |
| Hrein fjármagnsgjöld .....                   | ( 321)        | ( 257)       | ( 245)       | ( 823)       |
| <b>Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt .....</b> | <b>( 132)</b> | <b>674</b>   | <b>780</b>   | <b>1.322</b> |
| Tekjuskattur .....                           | ( 56)         | ( 137)       | ( 158)       | ( 351)       |
| <b>Hagnaður (tap) tímabilsins .....</b>      | <b>( 188)</b> | <b>537</b>   | <b>622</b>   | <b>971</b>   |
| EBITDA .....                                 | 1.272         | 1.924        | 1.848        | 5.044        |

|                                        | 1 F<br>2024  | 2 F<br>2024  | 3 F<br>2024  | 4 F<br>2024  | Samtals      |
|----------------------------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| Sala .....                             | 6.417        | 6.708        | 6.773        | 7.291        | 27.189       |
| Kostnaðarverð sölu .....               | ( 4.180)     | ( 4.436)     | ( 4.257)     | ( 4.455)     | ( 17.328)    |
| <b>Framlegð .....</b>                  | <b>2.237</b> | <b>2.272</b> | <b>2.516</b> | <b>2.836</b> | <b>9.861</b> |
| Aðrar rekstrartekjur .....             | 158          | 163          | 182          | 140          | 643          |
| Rekstrarkostnaður .....                | ( 1.964)     | ( 1.799)     | ( 1.834)     | ( 2.032)     | ( 7.629)     |
| <b>Rekstrarhagnaður .....</b>          | <b>431</b>   | <b>636</b>   | <b>864</b>   | <b>944</b>   | <b>2.875</b> |
| Hrein fjármagnsgjöld .....             | ( 195)       | ( 320)       | ( 292)       | ( 306)       | ( 1.113)     |
| <b>Hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b> | <b>236</b>   | <b>316</b>   | <b>572</b>   | <b>638</b>   | <b>1.762</b> |
| Tekjuskattur .....                     | ( 65)        | ( 72)        | ( 123)       | ( 121)       | ( 381)       |
| <b>Hagnaður tímabilsins .....</b>      | <b>171</b>   | <b>244</b>   | <b>449</b>   | <b>517</b>   | <b>1.381</b> |
| EBITDA .....                           | 1.435        | 1.726        | 1.915        | 2.071        | 7.147        |